

Nd.

88. Frumvarp til laga

um kirkjubyggingar og þátttöku ríkissjóðs í stofnkostnaði kirkjuhúsa.

Flm.: Gísli Sveinsson, Gunnar Thoroddsen, Jörundur Brynjólfsson.

1. gr.

Kostnað við að reisa og endurbyggja kirkjuhús þjóðkirkjunnar, sem eru á vegum safnaðanna, greiðir ríkissjóður að $\frac{3}{4}$ hlutum. Allan annan stofnkostnað greiða söfnuðir.

Andvirði kirkjuhúss, sem fyrir er, gengur til byggingarkostnaðar þess eða endurbyggingar, svo og eign kirkju í hinum almenna kirkjusjóði, eftir því sem til hrekkur, og kemur hlutfallsskiptingin aðeins til greina um þann kostnað, sem fram yfir er.

2. gr.

Auk þess, sem 1. gr. ákveður, ber söfnuðum að sjá um, þar sem þess er þörf, að lögð verði til hentug lóð undir kirkjuhús, er valin sé með ráði húsameistara ríkisins, en hann gerir teikningar af þeim kirkjuhúsum þjóðkirkjunnar, er reisa skal, nema samkomulag sé um, að aðrir húsameistarar geri það, og áætlun um byggingarkostnað, enda hlítir kirkjusmíðin umsjón hans eftir því, sem með þarf.

3. gr.

Á ári hverju skal reisa kirkjuhús eða endurbyggja eldri kirkjur, þar sem þess er þörf, unz fullnægjanlega telst byggt. Á fyrsta ári eftir að lög þessi eru komin í gildi, lætur biskupinn yfir Íslandi fara fram undir umsjón húsameistara rannsókn á því, hverjar kirkjur muni þurfa að byggja upp á næstu fimm árum, og að þeim liðnum skal aftur fara fram sams konar rannsókn til fimm ára og þannig áfram. En að þeirri rannsókn lokinni hvert sinn gerir húsameistari í samráði við biskup áætlun sína um bygging þessara kirkjuhúsa, sbr. 2. gr., með tillögum um, hvenær og í hvaða röð húsin skuli reist á hinu tiltekna árabili, og sé byggt á víxl í landsfjórðungunum eftir þörfum. Er ríkisstjórn því næst skylt að ætla til þess fé í fjárlögum að hluta ríkissjóðs og leggja fyrir Alþingi.

Ákvæði þessarar greinar gilda einnig, eftir því sem við á, um þau kirkjuhús, sem eru að fullu í umsjá ríkisins (ríkiskirkjur).

4. gr.

Kirkjuhús skulu gerð úr sem varanlegustu og eftir staðháttum hentugustu efni, og telst til byggingar þeirra allt, sem þarf til þess, að þau geti heitið vel nothæf og vönduð guðshús. Kirkjuhúsum skulu fylgja hitunartæki.

5. gr.

Söfnuðir hafa sem áður full umráð kirknanna, og annast sóknarnefndir fyrir hönd safnaðanna umsjón þeirra og viðhald, en kostnaður við það skal tekinn af lögmaeltum sóknargjöldum (kirkjugjöldum).

Af kirkjugjöldum skal greiða kostnað við tíðagerðir.

6. gr.

Alla sérstaka þryði, er söfnuði þykir rétt að gera við kirkju, hvort sem er innan húss eða utan, annast söfnuðurinn sjálfur. Þar sem kirkja stendur eigi í kirkjugarði, er söfnuði skylt að halda við á sinn kostnað og í góðu standi lóðinni kringum kirkjuhúsið, svo og vegi til kirkjunnar, þar sem hans er þörf, en stofn-

kostnað vegarins leggur ríkið til móts við söfnuð og girðingu kringum kirkjulóð, hvort tveggja að $\frac{3}{4}$ hlutum.

Um bygging og viðhald kirkjugarða fer eftir lögum um það efni.

7. gr.

Ef meiri hluti einhvers safnaðar, þó eigi færri en $\frac{3}{4}$ safnaðarmanna, samþykkir á löglegan hátt að mynda frikkirkjusöfnuð utan þjóðkirkjunnar og fær sér viðurkenndan forstöðumann (prest), er kirkjustjórninni heimilt að gefa þeim söfnuði kost á að eignast eða taka á leigu kirkjuhús sóknarinnar með öllu tilheyrandi, ef meiri hluti þeirra safnaðarmanna, er eftir standa í þjóðkirkjunni, samþykkir það.

8. gr.

Með gildistöku þessara laga eru úr gildi felld öll önnur lagaboð, er í hága kunna að koma við þau.

Bráðabirgðaákvæði.

Kirkjuhús þau, sem eru í smíðum, þegar lög þessi koma til framkvæmda, falla að öllu leyti undir ákvæði þeirra, ef hlutaðeigandi sóknarnefnd æskir þess og samþykkt er um það gerð á lögmaetum safnaðarfundum. Einnig getur kirkjumálaráðherra ákveðið, í samráði við biskup, ef sömu aðilar óska þess, að áður reist kirkjuhús komi undir ákvæði laganna, eftir því sem við þykir eiga.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var borið fram í Nd. á þingi 1944, og fylgdi því ýtarleg greinargerð, sem vísast til. Fékk menntamálanefnd deildarinnar málið til meðferðar, en ekki varð það útrætt.

Síðan hefur málið legið fyrir öllum söfnuðum landsins, að tilhlutun biskupsins yfir Íslandi. Hefur prestastefnan (synodus) 1945, hinn almenni kirkjufundur s. á., margir héraðsfundir og safnaðarfundir gert um það ályktanir og lýst sig því fylgjandi. Hefur frv. nú verið athugað að nýju og gerðar á því þær breytingar á orðalagi og öðru, sem gera ákvæði þess enn skýrari og sýna tilgang þess og takmark ótvíræðar en áður þótti vera.

Nánar í framsögu.